



Stytting vinnuviku dagvinnufólks hjá Ísafjarðarbæ

Vinna við útfærslu á styttingu vinnuviku dagvinnufólks hjá Ísafjarðarbæ er á veg komin en þó ekki lokið að fullu. Líkt og bæjarráð lagði til á fundi þann 25. maí 2020, var ákveðið að fara strax í ytrustu styttingu sem felur í sér að grein 3.1 um matar- og kaffitíma verður óvirk. Starfsmenn selja 15 og 20 mínútna kaffitíma sína, auk þess sem 13 mínútna kjarasamningsbundin stytting á daglegum starfstíma bætist við. Í heildina eru þetta því 48 mínútur á dag eða 4 klst. á viku miðað við 100% starf.

Farið var yfir fyrirkomulag á útfærslu styttingar hjá dagvinnufólki á nokkrum stofnunum bæjarins, á fundi bæjarráðs þann 23. nóvember síðastliðinn. Nokkrar stofnanir hafa þegar lokið við að útfæra nýtt vinnutímasamkomulag sem taka mun gildi þann 1. janúar líkt og tiltekið er í kjarasamningum. Útfærsla á slíku samkomulagi þarf þó að vera samþykkt af bæjarstjórn.

Helstu niðurstöður/útfærslur á vinnustyttingu sem þegar hafa verið útfærðar:

- Dagleg stytting, s.s. á bæjarskrifstofum (sviðum), áhaldahúsi (halda inni matartíma), upplýsingamiðstöð, hafnir (halda inni matartíma)
- Vikuleg stytting, s.s. á Byggðasafni, skjala- og ljósmyndasafni
- Á tveggja vikna fresti eða mánaðarlega s.s. á bókasafni, slökkviliði
- Mánaðarlega, s.s. á Hvestu (í vaktaplan)

Leikskólar (en þar er þegar komin inn 3 tíma stytting)

- Sama fyrirkomulag og áður +

A: Einn tími safnast upp í vinnustyttingu sem er tekin út yfir jóla- og áramót og í dymbilviku, þ.e. leikskólunum er lokað á þessum tíma (ef skólunum yrði lokað, þá þarf að skoða hvort leikskólagjöld falli niður á því tímabili)

EDA

B: Einn tími safnast upp og er tekinn út yfir árið þegar það hentar starfsemi (þessi útfærsla krefst hinsvegar aukins stöðugildis).

Á fundi bæjarráðs 23. nóvember 2020 var sú tillaga lögð fram að skipta starfsfólki í leikskólum upp annars vegar um jóla- og hinsvegar í dymbilviku, svo hægt sé að halda skólunum opnum. Sá tími í vinnustyttingu sem eftir stæði, yrði tekinn út yfir árið þegar það hentaði starfsemi. Lykilatriði í útfærslu sé að ekki hljóti kostnaður af og að þjónusta skerðist ekki.

Vinnutímasamkomulag – helstu áherslur:

Vinnutímasamkomulag er mótað af starfsmönnum í samráði við forstöðumann. Í samkomulagi hvefarr stofnunar er útlistað hvernig fyrirkomulagi hléa skuli háttáð, að uppsöfnun styttingar eigi ekki við þegar kemur að veikindum, orlofi og/eða rauðum dögum og að „skreppum“, þ.e. einka- eða fjölskylduerindum á vinnutíma skuli útrýmt. Einnig er fjallað um að ávinnsla réttinda verði með sama hætti og nú tíðkast.

Þá er tiltekið hvernig og hvenær endurupptaka samtals/stöðutaka skuli fara fram. Þó að nýtt samkomulag hafi verið mótað, þá er þörf á að meta árangur þess samhliða innleiðingu, sér í lagi

með tilliti til kostnaðar, þjónustubarfar og skilvirkni. Ekki er heldur hægt að útiloka að einhverjir ófyrirsjáanlegir hnökrar komi upp sem bregðast þarf við.

Segja má að þessar útfærslur séu að mestu samræmdar milli þeirra stofnana sem þegar hafa mótað vinnutímasamkomulag, þó einhver blæbrigðamunur sé á. Starfsmenn undirrita svo samkomulagið til staðfestingar á sameiginlegum skilningi.

Til nánari glöggvunar, þá má finna heildaryfirlit yfir vinnutímasamkomulag hverrar stofnunar fyrir sig, í meðfylgjandi fylgiskjali.

Næstu skref:

Þar sem nokkrar stofnanir hafa ekki enn náð að skila inn formlegu vinnutímasamkomulagi og nokkur tímapressa er komin á að samkomulag fyrir hverja þeirra sé tilbúið fyrir 1. janúar næstkomandi, er lagt til að bæjarstjórn veiti bæjarstjóra umboð til að samþykkja eða hafna fyrir þeirra hönd, vinnutímasamkomulagi sem hver stofnun bæjarins fyrir sig leggur fram. Ávallt er gengið út frá þeirri grunnforsendu að vinnutímasamkomulag sé ekki kostnaðaraukandi og að sama þjónustustigi sé viðhaldið.

Nokkur tími mun fara í að gera breytingar í tengslum við styttingu vinnuvikunnar í launakerfi bæjarins og því þörf á hröðum handbrögðum á næstunni, bæði við ákvarðanatöku og innleiðingu.

Virðingarfyllst,
Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri